



Fundargerð 10. fundar stjórnar SSA 14.apríl 2020

Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst hann kl 14:30

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Mættur starfsmaður Austurbrúar var Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 9. fundi stjórnar SSA 2019-2020 – *Fundargerðin staðfest af stjórn og verður undirrituð næst þegar stjórn kemur saman.*
- 1.2 Fundargerð 11, 12, 13, og 14. fundar framkvæmdaráðs – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (484), SSV (151,152), Vestfjardastofa (24), SSNE (7), SASS (555,556), SSS (754) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.4 Fundargerð stýrihóps um byggðamál (59,60) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.5 Fundargerðir SV-AUST – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.6 Fundargerðir sambandsins (880) – *Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 1.7 Ungmennaráð og stefnumörkun landsþings – *Erindið lagt fram til kynningar.*

2. Innra starf SSA

2.1 Aðalfundur SSA 2020

- Aðalfundur – undirbúningur og næstu skref
Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning ársfundar. Ársreikningsvinna er í gangi sem og vinna við gerð ársskýrslu sem og undirbúning málpings. Samkvæmt 5. gr. samþykktar SSA kemur fram að aðalfundur skuli halda fyrir lok maí ár hvert. Stjórn samþykkir að aðalfundur verði haldinn fyrir sumarleyfi en tímasetning er ekki ákveðin.
- Undirbúningur vegna breytinga á samþykktum
Formaður fór yfir drög að breytingum á samþykktum. Er formanni ásamt Stefáni Boga falið að halda áfram vinnu við breytingar á samþykktum á grundvelli umræðna á fundinum og leggja aftur fyrir stjórn á næsta fundi.

2.2 Sóknaráætlun

- Lýsing áhersluverkefna
Framkvæmdastjóri fór yfir lýsingu á áhersluverkefnum á grundvelli upphaflegs framlags til sóknaráætlunar og eru lýsingarnar og skipting fjármagns í takt við umræðu á fundum framkvæmdaráðs. Voru lýsingarnar lagðar fyrir stýrihóp

stjórnarráðsins til samþykktar þann 6. apríl sl. með fyrirvara um samþykkt stjórnar SSA. Stjórn SSA samþykkir framlagðar lýsingar og felur framkvæmdastjóra að fylgja verkefnum eftir.

- Viðbótarframlag til sóknaráætlunar

Um leið og stjórn SSA fagnar því að viðbótarframlagi sé veitt í gegnum farveg sóknaráætlunar til landshlutanna þá harmar stjórnin að fjárhæðin skuli ekki vera margfalt hærrí í ljósi þeirra gríðarlegu raskana sem samfélög og atvinnulífið á Austurlandi verður fyrir vegna Covid19. Ljóst er að þetta áfall bætist ofan á erfitt ástand sem fyrir var vegna loðnubrests og mikilvægt nú sem aldrei fyrr að landshlutinn hafi fjármagn til að þróa umhverfið og styðja við samfélögin og þróun atvinnulífs á Austurlandi á þessum óvissutímum.

2.3 Svæðisskipulag

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála en beðið er svara frá skipulagsstofnun vegna erindis.

2.4 Greining, vegakerfið á Austurlandi

Lagt fram til kynningar.

2.5 Greining, þingsályktun

Lagt fram til kynningar.

2.6 Staða verkefna í aðgerðarpakka sambandsins

Formaður fór yfir stöðu mála og nýjustu upplýsingar varðandi aðgerðarpakka sambandsins.

2.7 Fjallskilasamþykkt

Framkvæmdastjóri fór yfir samantekt á bókunum sveitarfélaga sem og innsendar ábendingar frá Fljótsdalshreppi. Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við formann nefndarinnar og fylgja málinu eftir.

Stjórn SSA samþykkir fjallskilasamþykktina sem lá fyrir í desember og felur framkvæmdastjóra að auglýsa hana í stjórnartíðinum sem og láta birta hana í markaskrá sem gefin verður út núna 2020.

2.8 Tilnefning í Hreindýraráð

Stjórn staðfestir sameiginlega tilnefningu á einum aðila í hreindýraráð fyrir hönd sveitarfélagana á starfssvæði SSA sem og fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Í samræmi við lög um jafnan stöðu kynjanna eru tilnefnd bæði karl og kona. Tilnefnd eru Gunnar Jónsson og Kamma Dögg Gísladóttir og mun umhverfis- og auðlindaráðuneytið ganga frá endanlegri skipun aðila í hreindýraráð.

3. Umsagnir

3.1 Ósk um umsögn frá Vatnajökulspjóðgarði

3.2 Frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1130.html>

3.3 tillögu til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni strandflutninga, 367. mál

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0450.html>

Ekki þykir ástæða til umsagna um framangreind mál.

4. Önnur mál



- Hallormsstaðaskóli
Formaður sem og fulltrúi stjórnar í skólanefnd fóru yfir stöðu mála.
- HSA
Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir fulltrúum frá HSA á næsta fund stjórnar.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 16:00

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson